

Vilhjálmur Sigurgeirsson.



Hinn 31. okt. s. l. andaðist Vilhjálmur Sigurgeirsson að heimili sínu, Reynivöllum í Mikley, 60 ára að aldri; fæddur 15. okt. 1863 á Grund í Eyjafirði. Foreldrar hans voru Sigurgeir Jakobsson, prestur að Grundarþingum, d. 1887 og Ingibjörg Jónsdóttir, þingeyksdóttir, dóttir til heimilis á Mikley hjá dóttur sinni, Jakobínu og manni hennar, Jónasi Stefánssyni, 85 ára gömul.

Árið eftir lát séra Sigurgeirs, flutti ekki- an til Vesturheims, ásamt sonum þeirra sex og einni dóttur; eru tveir þeirra dánir, Haraldur, yngstur bræðranna, hæfileikamaður til munnar og handa, og Vilhjálmur. Hins systkinin fjögur, eru búsett á Mikley: Eggert, Jón, Bogi og Jakobína, en Jakob, elsti bróðirinn á heima á Gimli. Fyrsta árið í þessu landi dvaldi fjölskyldan í Winnipeg, fluttist þaðan að Gimli og síðan til Mikleyjar, og hefir verið þar síðan. Vilhj. kvæntist hér Kristínu Þóru Helgadóttur frá Reynistad. Attu þau saman 9 börn, tvö af þeim dóu umg. Eftir 14 ár misti hann hana frá 7 börnum þá öll í æsku. Varð hann þar fyrir einni þingstu sorg, sem nokkrum manni getur í hlut fallið. — Hjonaband þeirra hafði verið hið ástríkasta — og börnin móðurlaus.

"I neyð skal manninn reyna", segir máltekið. Vilhj. syndi þá, hve hátt vilji og sjálfstjórn gnæfa yfir stórsjó ægilegustu sorga — líkt og bjartir vitar yfir hafinu á óveðurs nóttu.

Lífidi virðist hafa lagt mönnum þá stóru byrði á herðar, að lifa og stríða meðan dauðinn sjálfur ekki kallar þá, hve fegnir sem þeir vildu velta af sér byrðinni og vera lausir allra mála.

Sumum mönnum er ekki gefin sú andlega orka, — þeir örmagnast. Vilhj. var gefin sú orka í rikum mæli: "Láttu þrekið þrifa stýrtauma, það er hægt að kljúfa lífsins ál" sannaðist á honum. Þó að hann væri heitur tilfinningamaður daldi hann skap sitt á norrænan hátt. Hann bjóst ekki við hluttekning hjá mönnum né miskunn hjá æðra óþektu valdi, ef hann sjálfur misti móðinn. Hann sneri beint í bylinn og hélt stefnu í mörg ár. Hann tók á sínar breiðu herðar, að því leyti sem karlmanni er það fært, starf móður og húsfreyju, og bætti því við sín eigin störf, sem þó voru ærind nög. Þannig lifðu árin. Börnin komu upp og eru hin mannvæglegustu, tvær stúlur og fimmm drengir. Nöfn þeirra eru: Ingibjörg og Þórunn; Sigurgeir, Helgi, Theodor, Gustaf og Kristinn. Öll eru þau ógift nema Sigurgeir, elsti sonurinn. Það sem sérstaklega einkennir börn Vilhjálms heitinn, er haglegsgáfan, — það er eins og þeim leiki allt í höndum, er það arfur frá föðrum.

Á síðustu 10 árum eftir að börn Vilhjálms fóru að koma upp, gerðist í ann smám saman athvöðamesti maður þessarar eyjar. Hann keypti sögunarmýluna 1914 og hefir hún unnið síðan á hverju vori undir stjórn hans og sona hans. Hefir það verið mikill hagar fyrir Mikley. Enda hefir byggingum farið mikið fram síðan myllan kom, að ekki verður metið til verðleika á mælikvarða menning-

argildis — þó að þeimum hæg sé slept. Hafa þeir feðgar gefið fjölda manns atvinnu þegar þess er gætt, að bændur hér hafa sjálfir tekið út "logga" í byggingavið sinn og dregið hann til mylnunnar og síðan unnið að söguninni.

Aðsumrinu eru allar samgöngur milli eyjar og meginlands á vatni. Var t. d. erfitt að sækja póst 20—30 mílur róandi á flatbytnu. Vilhjálmur kom fyrstur manna hér upp gasoliubát og hafði pósthutning á hendi, ásamt póstafréidslu í fleiri ár. Þegar hann dó, áttu þeir feðgar tvo ágæta vélabáta. Bygði hann yngri bátinn sjálfur, ári fyrir dauða sinn, ásamt Jakobi bróður sínum. Var hann sérstaklega smíðaður til þess að vera hraðskreiður.

Eitt sinn er þeir bræður voru að smíðum, kom til þeirra maður. Hafði hann orð á, að hann "mundi skrifa þessi". Sagði Vilhjálmur, "að líklegt væri að slíkt gæti komið að líði, ef vitja þyrfti læknis í skjótri svipen." (En enginn lækir er á eyinni). Vilhjálmur átti létt og fjórugt hesta "team", keyrði hann póstin á því. Eftir að hann bætti pósthæðum, hafði hann oft ekkert sérstakt með það að gera, en var boðið fyrir það gott verð. En hann vildi ekki selja. Trúði hann vini sínum fyrir því, að ef einhver veiktist, eða kona væri í barnsnauð, væru það einu hestarnir á eyinni sem hæfir væru til þess, að sækja lækni. Umsögn eins og þessi, lýsa mannum betur en löng ræða.

Fisk keypti Vilhjálmur að haustinu í mörg ár. Á síðastliðnu ári, bygðu þeir feðgar íshús og frystihús, eftir nýjustu tizku, eru það bæði vandaðar og dýrar byggingar, lýstar með rafmagnsljósum, leiddur úr íveruhúsinu, sem rállyst var áður.

Verkstæði, einkum fyrir járnsmíði, hafa þeir feðgar haft. Hefir það haft meiri þýðingu fyrir jafnaðskett bygðarlag eins og Mikley, en menn alment hér hafa gert sér ljóst. Og eitt er víst, að vandræði margra manna, hafa Vilhjálmur og synir hans leyst, sem annars hefðu staðið ráðþrota.

Vilhjálmur heitinn var fríður maður sýnum, eins og hann átti kyn til. Hæddur lægri en í meðallagi, en þekinn, harðknappur og vel á sig kominn. Göngulagið djárflegt og ákveðið. Hann hafði fallet höfðinglegt enni. Dökkhæður og bjartur í andliti móeygður og augun skær. Málrómurinn var óvænlega djúpur og fullkominn. Var hann auðþekktur ef maður heyrði hann tala, þó hann ekki sæist. Enda var hann bassamaður með afbrigðum.

Frá frumbyltingarárum Nýja-Íslands og Mikleyjar, minnst eldri menn enn, bæði með aðdæm og sökuði, lítis sögðflokks, sem á þeim árum skemti með söng á samkomum landnemanna. Söngflokkið voru 6 prestssynir og ein systir frá Grund í Eyjafirði.

Það var eins og sönggyðjan sjálf hefði gefið þeim bræðrum sitt ákveðna hlutverk hvorum fyrir sig.

Yngsti bróðirinn var afburða organleikari og þar að auki tónfræðingur. Vilhjálmur þessi ágæti bassamaður, að hann hefði

hlotið að verða frægur, ef hann hefði gert þá grein söngsins að lífsstarfi, og hin systkinin öll með góðar raddir og sönggáfu. — En nú drýpur eyjan í þögn. Allar raddir þagnaðar. Þó er ekki svo um okkur vilt, að enn "þráir söng vor sál — söngsins unaðs mál".

Vilhjálmur var fjölbreyttur hæfileikamaður. Hann var þjóðhagasmíður. — Einn þeirra fáu útvöldu, sem fá haglegsgáfuna að vöggugjöf. Því til sönnunar leyfi eg mér, að segja stutta sögu, sem hann sjálfur sagði mér frá æsku sinni:

Í hans ungðemi voru orgel fátíð upp til sveita á Íslandi. En einu sinni keypti ríkur bóndasonur orgel í Eyjafirði. Vilhjálmur sá það orgel, og eldheit löngur æskumannsins knúði, af söngafunni, sem þá vaknaði í sálu hans, þráði að eiga þetta guðdómlega hljóðfæri, en gjaldið vantaði. Þá ákvað hann ekki tvisgur að aldri, að smíða orgel sjálfur. Og hann byrjaði á verkinu með þeirri listfengi, áhuga og viljapreki, sem einkendi hann alla æfi. Margir voru örðugleikarnir, að fá öll þau margbreyttu efni, sem heilt orgel þarf. En hann vann sigur, lauk við orgels smíðina. Og hærri hefir hans gleði verið, en þó að hann hefði keypt það, þegar orgelið hans, smíðað af honum sjálfum, partur af hans eigin sál, hljómaði með jafnfullkomnum tönnum og orgelið, sem nágranni hans gaf offjár fyrir, á þeirrar tíðar mælikvarða.

Á orgel þetta kendi Magnús Einarsson, hinn nafnkunni eyfirski organisti. Vilhjálmi að spila á síðar, og spilaði hann í kirkju heima. Einnig lék hann á fiðlu, og var fenginn að spila fyrir dansi, á hinum stærri skemtunum á Akureyri.

Á síðari árum hneigðist hugur Vilhjálms að starfhyggju og framkvæmdum. Ekki tók hann mikinn þátt í opinberum málum eyjarnar á yfirbörðinu, þá var hann skrifari skóla Mikleyjar í fleiri ár. En ekki duldast það, að hann hafði skarpri sjón á almennum málum, en þeir, sem þau hafa með höndum. Hlutleysi hans þar stafaði eflaust af því, að honum leiddist að deila við múginn — þar sem heimskan heldur velli með meiri hluta.

Enda var verkshvít hans svo vítt, að það varðaði heilli eyjarinnar á sinn hátt meira, en alt orðaglamur og fundarhöld um framfarir.

En ágætur stuðningsmaður var hann allra þeirra mála, sem fá heilbrigðu sjónarmiði miðuðu til heilla.

Hefði einhver hugmynd í smíðum, sem varðaði almenning, var gott fyrir hann að leita álits Vilhjálms. Hann var manna fljótastur að sjá, hvað kom að gagni og hvað ekki. Væri hugmyndin mjög röng, hafði hann bæði einurð og hreinskilni til þess, að kveða hana niður, og það með þeim krafti, að hún skaut ekki upp höfðinu aftur. Væri aftur á móti hugmyndin góð í edli sínu, en gölluð, gat Vilh. með fáum orðum, sett á hana höfðið — sem hún vantaði og gefið honum þær bendingar, sem leiddu málið til sigurs, því að hann var ráðhóllur maður.

Nálegt 6 vikum fyrir andlát sitt, kendi Vilhjálmur sjúkdóms þess, sem dró hann til dauða. Var hann á fótum fyrsta hálfan mánuðinn án þess að þjást mikið. Hélt hann fyrst, að ekkert alvarlegt væri í aðsögu. En útlit hans bar þess vott, að hann gengi ekki heill til skógar. Fór hann þá til Winnipeg að leita álits lækna.

Með sínu vana þreki, að horfast í augu við örlog sín, án þess að líta undan, krafðist hann þess, að fá að vita vissu sína. Og svarid var: "Krabbamein í lífrinni". — Í þeirri ferð ráðstafaði hann eignum sínum, og kom svo heim. Sá, sem þetta skrifar, spurði mann, sem viðstaddur var, hvernig Vilhjálmur hefði litið út, þegar hann kom af bátnum. Maðurinn svaraði: "Hann gekk röklega upp bryggjuna og var glaður í viðmóti."

Næsta dag kom bróðir hans til hans að spyrja tíðinda. Vilhjálmur mælti: "Þeir dæmdu mig til dauða — það var afmælisgjöfin mín. — Þann dag varð eg sextugur. En það gleður mig, að eg bið ekki dælausrar elli. Eg hefi reynt að horfast í augu við lífið í þess ægilegustu mynd, án þess að hoppa. Og eg óska að gera dauðanum sömu skil — og ganga einn og óstuddur að þeim dinnu dyrum, þó hefði eg gjarnan kosið að lifa lengur hjá börnunum mínum. Eg þakka forsjóninni, að eg get legið síðustu studyrnar hér heima hjá þeim, sem eg ann."

Hann var hress í máli, þar til undir það síðasta, að þjóningarnar vörnuðu honum máls, og talaði um alment mál með áhuga við þá, sem komu til hans. Hann dó í sama rúminu og konan hans — merk og ágæt kona — í örmum barna sinn, sem öll stunduðu hann með einstakri ástúð.

Hann skilar þeim eftir ógleymanlegar minningar og heilarglegt nafn — dýrasta fjársjóðinn á þessari jörðu.

Hann var jarðsungið af séra Sigurði Ólafssyni að víðstöddu fjölmenni. Harðlegum karlmönnum, vönum mannafræum, hrukku tár af augum yfir gróft hans.

Og nú hvílir hann aftur við hljóð hennar, — sem hann saknaði í 16 ár — í litlum kirkjugarði á bókum Winnipegvatns.

Eg heyrir hljómléika næturvindsins þjóta í "spruce"-trjánum sigrænum, sumar og vetur. — Það eru vögguljóð vonarinnar yfir þeim, sem svo lengi voru aðskilin, — en eru nú aftur saman.

7. marz. 1924.

Jónas Stefánsson,

frá Kaldbak.

Vilhjálmur Sigurgeirsson.

(Mælt fram við kistu hans.)

Þungt er mér í huga,
Í þögn og harmur...
Vara mér máls
og viljann Jóna.
Hortinn ertu vinur
Helklukkur
hljóndimmar þingja
á haustnóttu.

Andvaka augu
að þér leita
í óráði ástar
um alheim víðan,
og trú á einn
að tjaldið er fallið,
sem hylur þig sýn
að hinna degi.

Mesur varstu maður
Mikleyinga.
Fremstur og fyrstur
á framans vegi.
Við megin el við þvi
að missa þenn
en sít þig
Það var sárast og þungst!

Vikungur varstu
og viljinn stál —
Íslenzkur aðall
í augum dókkur
logaði stundum
sem leiftur, hart —
eða blakaði hlýr
sem bjartur eldur.

Lék þér á enni
í ljós, úpum
norræna tignin
nafnkunna:
Aldrei að vikja,
aldrei að falla
nema órlögum
alvalds fyrir.

Traustur varstu vinur
trúr og hollur.
Ór þvi efad
enginn maður.
Af suem þinni
aldrei sjónar mistir.
Órðheldni í öllu
var einkun þín.

Ör var lundin.
Andinn stoltur
skapið stórt
svo skjöldungur hæfði
í hvívetna heili
en hvergi hálfur
Ast og ótta
í einu vakti.

Hagloekans gyðja
þrímínborin
ást á þig lagði
í ungðemi.
Lék hún svo dátt
við ljúfing sinn
að fát mun þinn jafningi
fyr né síðar.

Þjóðhaginn snjalli
þér í höndum
lékur lífstraumar
listannansins.
Yndi var að sjá
og undrun vöktu
verkin þín mörgu
og vandasömu.

Áf leksýni lífsins
eftir litla stund
hvertum við öll
þegar kvíða tekur.
— En eitt ef velt
þó að aðrir komi,
að seint mun Mikley
sjá þinn jafningja.

J. S. frá Kaldbaki.

Ritstj. Akureyrar blaðanna, eru vinsamlega
þóttir, að taka minning þessa forna Eyfirðinga
upp í blöð sín.